

## LESID ÞETTA:

- Íbúð þessi er í eigu þriggja stéttarféлага í Skagafirði.  
Þau eru: Aldan stéttarfélag, Verslunarmannafélag Skagafjarðar og Iðnsveinafélag Skagafjarðar.
- Sóltún 30 er fjölbýlishús. Virða ber reglur um umgengni og hávaða, sbr. lög um fjölbýlishús.
- Bannað er að raska svefnfriði íbúa hússins frá miðnætti til kl. 07 að morgni.
- Með öllu er óheimilt að framleigja íbúðina til annarra.
- Sameign og lyfta eru ekki leiksvæði fyrir börn.
- Íbúðin og allt innanstokks er á ábyrgð leigutaka. Ber honum að sjá um að gengið sé vel um íbúðina og að við brottför sé hún þrífín og hver hlutur á sínum stað.
- Sé einhverju ábótavant við komu, t.d. varðandi þrif eða einhvers konar bilanir, skulu þegar gerðar um það athugasemdir til Skrifstofu stéttarfélaganna í síma 453 5433 eða til umsjónarmanns.
- Ef dvöl verður skemmri en leigusamningur segir til um, ber leigutaka að tilkynna það til skrifstofu við brottför.
- Þvottahús er staðsett hér á hæðinni (á móti lyftunni). Þvottahús skal ræsta vel eftir notkun og fylgja þeim umgengnisreglum sem þar gilda.
- Reykingar eru með öllu óheimilar í íbúðinni.
- Ekki er heimilt að hafa gæludýr í íbúðinni.
- Pappír þarf að flokka og henda í bláu tunnuna í sorpgeymslu utan við húsið. Annað sorp skal setja í poka og henda í sorprennu sem staðsett er á stigagangi við lyftuna.
- Ekki er heimilt að nota bílastæði merkt öðrum íbúðum. Aukastæði eru við enda bílplans, fjarri innikeyrslunni.
- Brot á reglum hússins geta varðað tafarlausri brottvikningu úr íbúðinni.



Takk fyrir og njótið dvalarinnar.